

Föstudagur, 23. nóvember 2018

Ákvörðun nr. 32/2018

Samruni Fiskisunds ehf. og Kex Hostel ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst með bréfi dags. 31. október 2018 tilkynning um kaup Fiskisunds ehf. (hér eftir Fiskisund) á 3% hlut í Kex Hostel ehf. (hér eftir Kex Hostel). Tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum og viðauka II við þær.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 7. nóvember 2018 var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskráin teldist fullnægjandi og að frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga hefðu byrjað að líða þann 1. nóvember 2018.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum fyrirtækis til frambúðar. Er nánar tilgreint í a) til d) liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Samruni getur m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki.

Í samrunaskrá kemur fram að kaup Fiskisunds á 3% eignarhlut í Kex Hostel leiði til þess að heildar eignarhlutur Fiskisunds í Kex Hostel nemur 52,52%. Leiða kaupin til þess að Fiskisund fer með meirihluta atkvæða á hluthafafundum Kex Hostel. Með því móti öðlast Fiskisund yferráð yfir Kex Hostel. Kaupin fela því í sér samruna í skilningi samkeppnislaga, sbr. 2. mgr. 17. gr. og c-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá kemur fram að Fiskisund sé eignarhaldsfélag í eigu Nolt ehf., B10 ehf. og Einis ehf. Fiskisund fer með meirihluta hlutafjár í Póstmiðstöðinni ehf. og helmings hlut í Premis ehf. auk minni eignarhluta í öðrum félögum. Þá segir að ekkert dóttur- eða hlutdeildarfélag Fiskisunds starfi á sama markaði og Kex Hostel eða dótturfélög þess.

Fiskisund er stærsti núverandi hluthafi í Kex Hostel með 49,52% eignarhlut. Kex Hostel rekur gistiheimili við Skúlagötu í Reykjavík. Kex Hostel á allt útgefið hlutafé í félögunum S28 ehf., sem rekur fasteign Kex Hostels, og Sæmundi í sparifötunum ehf. sem sinnir veitingarekstri.

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í samrunaskrá kemur fram að Fiskisund sé eignarhaldsfélag og að félög sem teljast undir áhrifum Fiskisunds starfi á ólíkum mörkuðum. Hvorki Fiskisund né tengdir aðilar starfa á sömu vöru- og þjónustumörkuðum og Kex Hostel.

Samrunaaðilar skilgreina markaðinn sem Kex Hostel starfar á sem markað fyrir hótalgistingu á höfuðborgarsvæðinu. Telja samrunaaðilar óþarft að skilgreina vöru- og þjónustumarkaðinn sem Kex Hostel starfar á frekar, t.d. eftir þjónustustigi. Jafnframt telja samrunaaðilar að hinn skilgreindi markaður tengist öðrum mörkuðum fyrir skammtímaleigu á gistingu og að staðganga geti verið milli leigu á hótalgistingu og t.d. útleigu á íbúðarhúsnæði í skammtímaleigu. Sá markaður veiti hinum skilgreinda markaði samkeppnislegt aðhald. Að lokum kemur fram í samrunaskrá að samrunaaðilar telja Sæmund í sparifötunum starfa á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði á höfuðborgarsvæðinu. Markaðshlutdeild Sæmundar á þeim markaði er að mati samrunaaðila á milli []¹.

Samrunaaðilar telja rétt að meta markaðshlutdeild Kex Hostel á markaði fyrir hótalgistingu á höfuðborgarsvæðinu með hliðsjón af opinberum gögnum frá Hagstofu Íslands um fjölda rúma á gististöðum annars vegar og fjölda gistinátta hins vegar. Miðað við þær upplýsingar nemi markaðshlutdeild Kex Hostel []² á hinum skilgreinda markaði. Framangreindar tölur minnka enn frekar ef áætlaður fjöldi Airbnb gistinátta er innifalinn.

Í ljósi niðurstöðu þessa máls telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til endanlegrar skilgreiningar á mörkuðum málsins. Samkeppniseftirlitið vill þó benda á að framangreinda markaði má eftir atvikum greina í fleiri undirmarkaði.³

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Að mati samrunaaðila er samruninn ekki til þess fallinn að hafa áhrif á markaðsgerð markaða málsins að neinu leyti. Þá telja samrunaaðilar að ekki séu líkur á skaðlegum áhrifum á samkeppni. Um sé að ræða samsteypusamruna þar sem aðilar samrunans hafa ekki starfsemi á sömu mörkuðum. Því komi ekki til samþjöppunar á mörkuðunum í kjölfar samrunans.

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Sjá t.d. ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB nr. COMP/M.4816 – Blackstone/Hilton og nr. COMP/M.6058 – Bank of Scotland/Barclays Bank/Kew Green Hotels.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að í máli þessu sé um samsteypusamruna að ræða, þar sem Fiskisund og félag undir sömu yfirráðum hafa ekki starfsemi á sama markaði og Kex Hostel starfar á samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá. Er því ekki um neina samþjöppun að ræða í máli þessu í kjölfar samrunans. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup Fiskisunds ehf. á 3% eignarhlut í Kex Hostel ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson